STRÁ MRI WORLDWIDE

Við erum flutt í nýtt og stærra húsnæði að Suðurlandsbraut 30, 3. hæð

www.stra.is - fagmennska í yfir 20 ár

STRÁ MRI® WORLDWIDE

Leitaðu aðstoðar fagmanna

www.stra.is

STRÁ MRI® WORLDWIDE

Þú þarft ekki að leita lengra

www.stra.is








# Við erum stolt af starfsemi okkar! Viltu vera með?

ILVA er ný húsgagna- og heimilisvöruverslun frá Danmörku. Við erum stolt af orðspori okkar er varðar gæði, verðlagningu og þjónustu. Fyrir okkur er gott einfaldlega ekki nógu gott. Við viljum vera stolt af starfsfólki okkar og við viljum að starfsfólkið sé stolt af okkur.

**Laus störf í nýrri verslun okkar í Reykjavík**

Síðsumars mun ILVA opna nýja og glæsilega verslun á Korputorgi við Vesturlandsveg. Því leitum við að framúrskarandi starfsfólki til liðs við okkur. Fyrir þig er þetta frábært tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu einstakrar verslunar. Í boði eru eftirtalin störf:

### Sölumenn

Við leitum að smekkvísum og þjónustuliprum sölumönnum, sem hafa næmt auga fyrir straumum og stefnum sem og framsetningu húsgagna og húsbúnaðar.

Við leggjum áherslu á ríka þjónustulund, góða söluhæfileika og metnað fyrir að skila framúrskarandi árangri í starfi. Reynsla af sölu húsgagna og húsbúnaðar er kostur.

### Lagermenn

Við leitum að duglegum, þjónustuliprum lagermönnum til framtíðarstarfa í sérhönnuðu lagerhúsnæði.

### Fjölbreytt þjónustustörf

Við óskum eftir að ráða þjónustuglaða og jákvæða starfmenn til að sinna ýmsum fjölbreyttum þjónustustörfum.

Ýmis störf eru í boði, m.a.

- Gjaldkerastörf á afgreiðslukössum.
- Afgreiðslustörf á þjónustuborði.
- Störf í kaffihúsi ILVA.

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi, góða starfsþjálfun, lífleg, fjölbreytt og skemmtileg störf, góð laun, sveigjanlegan vinnutíma, heilsdags- og hálfsdagsstörf sem og hlutastörf um helgar.

**Tækifærið er þitt – hafðu samband!**

## Viltu slást í hópinn?

Frekari upplýsingar um störfin fást hjá STRÁ MRI

Guðný Harðardóttir og Gunnar Hólmsteinn Ársælsson svara fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13–15. Vinsamlegast sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2008. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu STRÁ www.stra.is.

STRÁ MRI® WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 319 milljörðum króna og ársvelta er um 23 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfis-stjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á næsta ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

# SÉRFRÆÐINGUR

## Í FJÁRMÁLADEILD

Landsvirkjun óskar eftir að ráða sérfræðing í fjármáladeild fyrirtækisins. Fjármáladeild heyrir undir fjármálasvið Landsvirkjunar og annast fjárstýringu, fjármögnun og markaðsviðskipti fyrirtækisins ásamt tilheyrandi greiningu og þróun. Þá annast deildin bakvinnslu og sér um allar greiðslur fyrirtækisins.

**Starfssvið**
- Framkvæmd gjaldeyrisviðskipta og aðstoð við fjárstýringu
- Framkvæmd afleiðusamninga vegna áhættustýringar
- Framkvæmd stöðutökusamninga
- Önnur fjármálatengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði skilyrði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Haldgóð reynsla úr fjármálastofnun eða fyrirtæki skilyrði
- Mjög góð enskukunnátta í mæltu og rituðu máli
- Þekking á afleiðuviðskiptum
- Samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

## TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐS

Seltjarnarnesbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu framkvæmdastjóra tækni- og umhverfisssviðs.

Leitað er að öflugum einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn á þróun þeirra málaflokka sem heyra undir tækni- og umhverfissvið og hæfileika til þess að vera einn af leiðandi aðilum í metnaðarfullri uppbyggingu Seltjarnarness.

**Helstu verkefni sviðsins eru** skipulags- og byggingarmál, rekstur áhaldahúss og garðyrkjudeildar, umsjón og eftirlit með framkvæmdum, úttektir á framkvæmdum, umsjón útboða, yfirferð verkefna, verksamningagerð og samskipti við hönnuði og verktaka.

**Starfssvið**
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri og starfsemi sviðsins
- Ábyrgð á stefnumótun og frumkvæði að þróun nýjunga á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Ábyrgð og umsjón með upplýsingagjöf og skýrslugerð
- Þátttaka í samstarfi við yfirstjórn bæjarfélagsins
- Framkvæmdastjóri er jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, byggingarfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi sem og af áætlanagerð
- Reynsla af rekstri fyrirtækis eða stofnunar
- Þekking á stefnumótunarvinnu og stjórnsýslu mikill kostur
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Hæfni til þess að koma fram og tjá sig í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði, metnaður og framsýni í starfi

***Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattir til að sækja um stöðuna.***

Bæjarstjórn Seltjarnarnes ræður í starfið. Bæjarstjóri er yfirmaður framkvæmdastjóra.

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Frumtak slhf. er nýtt samlagshlutafélag á sviði fjárfestinga í nýsköpunar-fyrirtækjum. Hlutafjárloforð nema nú 4.650 milljónum króna en stefnt er að því að heildarloforð geti numið allt að 6 milljörðum króna. Markmið félagsins er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun. Frumtak fjárfestir í fyrirtækjum sem eru komin af klakstigi og er áskilið að fyrir liggi ítarlegar viðskiptaáætlanir. Frumtaki er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna útrásar eða markaðssóknar íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði, ekki síst þegar möguleiki er á yfirtökum eða sameiningum við fyrirtæki í eigu Frumtaks.

Frumtak GP ehf. sem er í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Glitnis, Kaupþings banka og Landsbanka Íslands er rekstrar- og ábyrgðaraðili Frumtaks slhf.

Árangur Frumtaks veltur á þeim einstaklingi sem velst til forystu fyrirtækisins. Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem hefur mikla reynslu af farsælum rekstri og fjárfestingum. Viðkomandi þarf einnig að hafa til að bera frjóa hugsun, sjálfstæði í störfum og ríka ábyrgðartilfinningu. Skilyrði er að viðkomandi eigi auðvelt með að rýna í viðskiptatækifæri og rekstur fyrirtækja og hæfni til að greina framtíðarmöguleika þeirra.

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á rekstri og fjárfestingum
- Meta viðskiptatækifæri og greina samkeppnismöguleika þeirra
- Leggja tillögur fyrir stjórn um fjárfestingar
- Seta í stjórnum hlutdeildarfyrirtækja og samskipti við forsvarsmenn þeirra
- Móta framtíðarsýn og fjárfestingarstefnu
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun hlutdeildarfyrirtækja
- Sala á hlutabréfum og/eða fyrirtækjum í eigu Frumtaks

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verkfræði- og/eða viðskiptafræðimenntun
- Umtalsverð reynsla af fjárfestingum og/eða fyrirtækjarekstri
- Hæfileiki til að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja
- Hæfileiki til að meta samkeppnishæfni viðskiptahugmynda
- Þekking og reynsla á yfirtökum og sameiningu fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og sterkt tengslanet

Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) í síma 540 7100 og Finnbogi Jónsson stjórnarformaður Frumtaks GP ehf., (finnbogi@nsa.is), í síma 510 1800. Umsóknarfrestur er til og með 23. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

RARIK
lifandi afl

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK hefur fært raforkuframleiðslu sína og sölu í dótturfyrirtæki sitt Orkusöluna ehf.

RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

# DEILDARSTJÓRI Í RAFORKUREKSTRI
## EGILSSTAÐIR

RARIK óskar eftir starfsmanni á rekstrarsvið fyrirtækisins á Austurlandi með aðsetur á Egilsstöðum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Umsjón með framkvæmdum og rekstri á dreifikerfi
- Viðhald og eftirlit með dreifikerfi
- Áætlanagerð
- Verkáætlanir og verkeftirlit
- Stjórnun starfsfólks
- Samskipti við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rafmagnsverkfræði/rafmagnstæknifræði
- Reynsla af rafveitustörfum er æskileg
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

RARIK
lifandi afl

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK hefur fært raforkuframleiðslu sína og sölu í dótturfyrirtæki sitt Orkusöluna ehf.

RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

# SÉRFRÆÐINGUR Á RAFMAGNSSVIÐI
## SELFOSS

RARIK óskar eftir starfsmanni á rekstrarsvið fyrirtækisins á Suðurlandi með aðsetur á Selfossi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við rekstur og uppbyggingu dreifikerfis fyrirtækisins á Suðurlandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Áætlanagerð
- Hönnun raforkukerfa
- Verkeftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rafmagnstæknifræði/rafiðnfræðimenntun
- Reynsla af rafveitustörfum er æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

VARNARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS
ICELANDIC DEFENCE AGENCY

Varnarmálastofnun Íslands starfar samkvæmt varnarmálalögum nr. 34/2008 og sinnir ýmsum varnartengdum verkefnum undir stjórn utanríkisráðuneytisins. Helstu verkefni eru rekstur íslenska loftvarnakerfisins, rekstur mannvirkja Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, umsjón með gistiríkisstuðningi vegna loftrýmisgæslu á vegum NATO, öflun, greining og miðlun upplýsinga í alþjóðlegu samstarfi Íslendinga á sviði öryggis- og varnarmála, fagleg ráðgjöf um varnarmál til utanríkisráðuneytisins og samstarf við háskóla og fræðimenn á sviði öryggis- og varnarmála.

**Umsækjendur skulu vera íslenskir ríkisborgarar og uppfylla skilyrði öryggisvottunar sbr. 9. gr. Varnarmálalaga nr. 34/2008.**

**Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um.**

# ÖFLUGIR SÉRFRÆÐINGAR

Varnarmálastofnun auglýsir tvö störf á skrifstofu sinni á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli laus til umsóknar. Störfin falla undir kjarasamning íslenska ríkisins við BHM.

## Lögfræðingur

**Starfssvið**
- Framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951
- Varnarsamstarf við einstök aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
- Samstarf í þágu friðar
- Samskipti við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög
- Undirbúningur að setningu reglugerða og verklagsreglna á starfssviðinu
- Undirbúningur og eftir atvikum þátttaka í samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir
- Almenn samningagerð fyrir stofnunina

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandídatspróf eða grunn- og meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af samningagerð æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samskiptalipurð
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði auk þess sem frekari tungumálakunnátta er kostur

## Háskólamenntaður sérfræðingur á sviði fjármála og reksturs

**Starfssvið**
- Áætlanagerð
- Skýrslugerð og miðlun fjárhags- og rekstrarupplýsinga til stjórnenda
- Þróun fjárhagsupplýsingakerfis
- Umsjón með launagreiðslum
- Umsjón með skráningu, bókun og samþykkt reikninga
- Innheimta
- Samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af bókhaldi
- Góða kunnáttu í Excel og Oracle
- Æskilegt er að þekkja vel til opinbers rekstrar
- Reynsla af samningagerð er æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar ásamt nákvæmni og samviskusemi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt frumkvæði og jákvæðni
- Samskiptalipurð
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Framkvæmdastjóri
## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Markmið SSH er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu óska eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að aðila með mikinn metnað til að ná árangri í starfi ásamt góðri samskiptahæfni.

Um er að ræða afar fjölbreytt starf sem krefst mikilla samskipta m.a. við sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sveitarfélaga og aðra þá sem til samtakanna leita. Viðkomandi mun jafnframt starfa með samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu.

### Starfssvið:
- Ábyrgð á rekstri samtakanna
- Ráðgjöf við stjórn samtakanna
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnar
- Aðkoma að skipulagsmálum
- Ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar
- Fulltrúi samtakanna út á við ásamt stjórnarformanni og stjórnarmönnum

### Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sveitarstjórnarmálum kostur
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla æskileg
- Þekking á skipulagsmálum kostur
- Reynsla og hæfni til að miðla upplýsingum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni

TALENT RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2008

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

# HRV Engineering leitar að framtíðarstarfsfólki

HRV Engineering óskar eftir að ráða framtíðarstarfsfólk til að vinna að stórum og krefjandi verkefnum á sviði áliðnaðar

### Sérfræðingur í framkvæmdaáætlunum (Scheduling)

Leitað er eftir reynslumiklu og/eða vel menntuðu fólki til að takast á við krefjandi verkefni við gerð og eftirfylgni framkvæmdaáætlana vegna verkefna sem HRV vinnur að.

### Sérfræðingur í kostnaðaráætlunum (Estimator)

Leitað er eftir reynslumiklu og/eða vel menntuðu fólki til að takast á við krefjandi verkefni við gerð kostnaðaráætlana vegna verkefna sem HRV vinnur að.

### Sérfræðingur í kostnaðareftirliti (Cost Engineer)

Leitað er eftir reynslumiklu og/eða vel menntuðu fólki til að takast á við krefjandi verkefni við kostnaðareftirlit í verkefnum sem HRV vinnur að.

### Sérfræðingur í áhættustýringu verkefna (Risk Manager)

Leitað er eftir reynslumiklu og/eða vel menntuðu fólki til að takast á við krefjandi verkefni við áhættustýringu vegna verkefna sem HRV vinnur að.

**Menntunar- og hæfniskröfur fyrir öll störfin eru:**
- Verkfræði eða sambærileg menntun
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur
- Þekking og/eða reynsla á viðkomandi fagsviði er kostur
- Frumkvæði
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Góð mannleg samskipti

### Skjalastjóri (Lead Document Control)

Starfið felst í að leiða uppbyggingu og rekstur skjalastjórnunar HRV og þeirra verkefna sem fyrirtækið vinnur að.

Leitað er eftir bókasafnsfræðingi, aðila með sérnám á sviði skjalastjórnunar eða reynslu af skjalastýringu fyrir framkvæmdaverkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Bókasafnsfræði er kostur
- Sérnám á sviði skjalastjórnunar er kostur
- Reynsla af skjalastýringu fyrir framkvæmdaverkefni er kostur
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Reynsla af stórum framkvæmdaverkefnum er kostur
- Góð mannleg samskipti

### Starfsfólk í skjalastýringu (Document Control)

Starfið felst í skjalavinnslu og skjalaútgáfu fyrir verkfræðideild og innkaupadeild, ásamt annarri skjalavinnslu fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Skrifstofunám eða menntun á sviði tækniteiknunar er æskileg
- Reynsla af skjalastýringu
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Reynsla af stórum framkvæmdaverkefnum er kostur
- Góð mannleg samskipti

Nánari upplýsingar um störfin veitir Guðmundur Valsson, upplýsingatæknistjóri og leiðtogi fagsviðs verkefnastýringar, í síma 575 4752, eða með fyrirspurn á netfangið gudval@hrv.is. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst en byrjunartími er samningsatriði.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní 2008 og skulu umsóknir berast til Steinunnar Ketilsdóttur, mannauðsstjóra HRV, á netfangið steinunnk@hrv.is.

ATHYGLI

**HRV Engineering er framsækið þjónustufyrirtæki við áliðnaðinn. Það hefur sérhæft sig í uppbyggingu álvera frá því um miðjan síðasta áratug fyrir Century Aluminum, Rio Tinto Alcan, Alcoa og Rusal.**

**HRV vinnur eftir alþjóðlegum verkefnastjórnunaraðferðum við undirbúning, hönnun og stjórnun framkvæmda við stækkun, uppbyggingu eða breytingu álvera – bæði heima og erlendis – og fjárfestingarverkefnum sem þeim tengjast.**

***Hjá HRV er horft til framtíðar og útrásin rétt að hefjast því eftirspurn eftir áli eykst með ári hverju.***

HRV ENGINEERING
www.hrv.is

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# STÝRIMAÐUR

**Stýrimann vantar á ísfisktogara.**
**Uppl. í símum 899 0830 og 896 3939**



# Meiraprófsbílstjóri óskast

**Vegna aukinna verkefna leitar Atlantsolía** að traustum og áreiðanlegum bílstjóra til framtíðarstarfa. ADR réttindi eru ekki skilyrði en námskeið yrði greitt af Atlantsolíu.
*Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.*

**Starfið felur í sér:**
Áfyllingu á bensínstöðvar og dreifingu olíu til verktaka, bænda og sjávarútvegs.

**Æskilegir eiginleikar:**
Fyrirtækið leitar að kröftugum, þjónustulunduðum bílstjóra sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu ört vaxandi fyrirtækis.

Atlantsolía hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en fyrirtækið rekur nú 15 bensínstöðvar. Hjá fyrirtækinu starfa 23 manns.

**Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu Rögnu Garðarsdóttur, framkvæmdastjóra, í síma 591 3100 eða sendi póst á gudrun@atlantsolia.is fyrir 12. júní.**

ATLANTSOLÍA

PIPAR • SÍA • 81206

# Úthringiver TM

## Vaktstjórar

**Starfssvið:**
// Ábyrgð á skipulagi og mönnun vakta
// Kennsla og aðstoð við starfsfólk í úthringingum
// Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
// Góð almenn menntun (stúdentspróf eða ígildi þess)
// Reynsla af sölustörfum og/eða úthringingum
// Góð íslensku- og enskukunnátta (talmál)

Vaktstjórar þurfa að búa yfir frumkvæði og forystuhæfileikum og hafa ríka þjónustulund. Þekking á vátryggingum er kostur.

## Úthringingar

**Starfssvið:**
// Úthringingar til viðskiptavina TM og annarra
// Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
// Góð almenn menntun
// Góð íslensku- og enskukunnátta (talmál)

Starfsmenn við úthringingar þurfa að vera eldri en 18 ára og búa yfir ríkri þjónustulund. Reynsla af sölustörfum og þekking á vátryggingum eru kostur.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. TM leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og hefur ánægja meðal viðskiptavina tryggingafélaga mælst mest hjá TM þrjú undanfarin ár.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní 2008. Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir auðkenndar með yfirskriftinni **„Úthringiver“** á tölvupóstfangið **starf@tmhf.is**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Gunnar Oddsson, **gunnaro@tm.is**, veitir frekari upplýsingar um starfið.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TMI 42692 06/08

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is


**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið





**Leitum að starfsfólki í eftirfarandi störf:**

**Verslunarstjóri - Dömudeild Kringlan**

Verslunarstjóri í ZARA dömudeild ber ábyrgð á sölumarkmiðum og útliti deildarinnar, pöntunum, starfsmannamálum og almennri daglegri stjórnun.

**Aðstoðar-verslunarstjóri - Dömudeild Smáralind**

Aðstoðar-verslunarstjóri í ZARA dömudeild er staðgengill verslunarstjóra, en ásamt honum ber hann ábyrgð á sölumarkmiðum og útliti deildarinnar, pöntunum, starfsmannamálum og almennri daglegri stjórnun.

**Æskilegir eiginleikar:**
Umsækjendur þurfa að hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum, vera skipulagðir og óhræddir við ábyrgð.

Góð enskukunnátta er skilyrði.

Æskilegt er að viðkomandi hafi áhuga á tísku og að hafa unnið í tískuvöruverslun.

Hér er um gríðarlegt tækifæri að ræða. Tækifæri til að takast á við nýtt og spennandi verkefni, sem felur í sér mikinn lærdóm og skemmtilega áskorun.

**Nánari upplýsingar veitir Elín Ólafsdóttir, rekstrarstjóri í gegnum netfangið: elinol@zara.is**

S:HELGASON

## Ertu 1. flokks söluráðgjafi ?

**S. Helgason ehf. var stofnað árið 1953 og rekur steinsmiðju, sem framleiðir flísar, borðplötur, legsteina, vatnsbretti og sólbekki. Þar fer jafnframt fram ýmiskonar sérsmíði og viðhald á eldri steinverkum.**

**Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og rekur jafnframt verslun, sem selur náttúruflísar keramikflísar, fylgihluti með legsteinum auk úrvals annarrar fjölbreytilegrar vöru, sem framleidd er í verksmiðju fyrirtækisins.**

**Hjá S. Helgasyni starfa nú 38 starfsmenn.**



Ef þú ert markaðsdrifinn með næmt auga fyrir innanhússhönnun, litasamsetningu og útliti, má vera að við séum að leita að þér !

Söluráðgjafi annast;

* Móttöku viðskiptavina og ráðgjöf við vöruval.
* Tilboðsgerð og frágang sölusamninga.
* Eftirfylgni með framleiðsluferli og frágangi á pantaðri vöru.
* Önnur þau störf er falla til hverju sinni.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sölu- og/eða þjónustustörfum, en kostur er þekking og áhugi á innanhússhönnun. Áhersla er lögð á þjónustulipurð og þægilega framkomu, söluhæfileika og faglegan metnað auk reglusemi og snyrtimennsku í hvívetna.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.
Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Gunnar H. Ársælsson** og **Guðný Harðardóttir** hjá **STRÁ MRI** svara fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 16. júní nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu **www.stra.is.**

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Snæfellsbær



# GARÐYRKJUFRÆÐINGUR

**óskast til starfa**

**Okkur vantar garðyrkjufræðing til tímabundinna starfa hjá Snæfellsbæ. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og stendur ráðningartíminn fram í október.**

Um er að ræða 100% starf.

Í starfinu felst umsjón með öllum garðyrkjustörfum á vegum bæjarfélagsins ásamt frágangi eftir sumarið. Reynsla og menntun á sviði garðyrkju er æskileg.

Nánari upplýsingar fást hjá Tæknideild Snæfellsbæjar í síma 433-6900.

Skriflegum umsóknum ber að skila til skrifstofu Snæfellsbæjar fyrir 20. júní n.k. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is undir "Stjórnskipan" og "Eyðublöð"

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri erum við einungis í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík - og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt og glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

# Það er svo gaman að vera saman!

Einkarekni leikskólinn **Korpukot** óskar eftir skemmtilegu starfsfólki sem býr yfir færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.
Við leitum að frá og með 1. ágúst:

- *Leikskólakennurum*
- *Íþróttakennurum*
- *Þroskaþjálfa*
- *Myndlistarkennara*
- *Tónlistarkennara*
- *Leiðbeinendum*

Hafið samband í síma

**577 1900**

Korpukot

Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík
Sími 577 1900 • skrifstofa@korpukot.is

# RAFMAGNSIÐNFRÆÐINGUR

Öryggissvið Neytendastofu óskar eftir að ráða metnaðarfullan rafmagnsiðnfræðing til starfa. Um er að ræða faglegt krefjandi starf þar sem reynir á tæknilega ráðgjöf um reglur er varða rafmagnsöryggismál, framkvæmd eftirlits með rafverktökum og neysluveitum og fræðslu og kynningu um rafmagnsöryggi. Um er að ræða margvísleg áhugaverð verkefni er varða rafmagnsöryggi og rafmagnseftirlit.

**Umsjón með eftirfarandi starfsþáttum:**
- Tæknileg ráðgjöf og fræðsla um reglur er varða öryggisstjórnun rafverktaka og öryggi neysluveitna og túlkun og framkvæmd reglna er gilda um rafmagnsöryggismál.
- Þátttaka í skipulagningu og framkvæmd lögbundins eftirlits með rafverktökum og öryggi neysluveitna.
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunar- og öryggiskerfum í samræmi við reglur á rafmagnsöryggissviði og aðrar almennar kröfur í starfsumhverfinu.
- Þátttaka í rannsóknum bruna og tjóna af völdum rafmagns og úrvinnslu gagna.
- Þátttaka í samstarfi í þróun laga og reglna sem gilda um öryggi neysluveitna, öryggisstjórnun rafverktaka o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssvið)
- Sveinsbréf í rafvirkjun og reynsla af rafvirkjunarstörfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Frumkvæði

Vakin er athygi á því að samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gert ráð fyrir því að rafmagnsöryggismál flytjist frá Neytendastofu til nýrrar Byggingarstofununar á árinu, ásamt þeim starfsmönnum sem þeim sinna.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Vakin er athygli á 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Umsóknir óskast sendar Neytendastofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, merkt "starf á rafmagnsöryggissviði"eða rafrænt á póstfang stofnunarinnar, postur@neytendastofa.is, eigi síðar en 24. maí 2008. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Ólafsson, sviðsstjóri öryggissviðs, í síma 510 1100. Netfang: johann@neytendastofa.is.

Öryggissvið Neytendastofu hefur m.a. yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, markaðseftirliti raffanga og skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum og öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka. Sviðið löggildir rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjónum af völdum rafmagns og gefur út kynningar- og fræðsluefni um rafmagnsöryggismál.

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

Akraneskaupstaður

# Brekkubæjarskóli, Akranesi

**Deildarstjóri unglingastigs**
Laus er staða deildarstjóra á unglingastigi. Viðkomandi þarf að hafa kennslureynslu á grunnskólastigi og stjórnunarreynsla æskileg. Stjórnunarnám eða annað framhaldsnám æskilegt. Leitað er að einstaklingi sem er reiðubúin/n að takast á við ögrandi verkefni.

**Deildarstjóri sérkennslu**
Laus er staða deildarstjóra sérkennslu. Viðkomandi þarf að hafa sérkennaramenntun og stjórnunarreynsla æskileg. Framhaldsnám, sem tengist verkefnum deildarstjóra sérkennslu, æskilegt.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjóri, netfang: arnbjorg@brak.is. Sími skólans er 433 1300.

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. - 10. bekk.
Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi. Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til 20. júní n.k.. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

# Félagsráðgjafi - ár í faðmi fjalla!

**Menntaskólinn á Egilsstöðum óskar eftir að ráða félagsráðgjafa til starfa.**

Um er að ræða 50% starf til afleysingar í eitt ár og felst starfið í að veita Nemendaþjónustu ME forstöðu ásamt því að veita nemendum persónulega ráðgjöf vegna tilfinningalegra og félagslegra vandamála. Mögulegt er að fá 50% viðbótarstarf við kennslu (t.d. sálfræði, uppeldisfræði eða lífsleikni).

**Starfssvið:**
- Persónuleg ráðgjöf og meðferð vegna tilfinningalegra og félagslegra vandamála
- Greining og mat á úrræðum fyrir nemendur með sérþarfir
- Tilvísanir og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum
- Upplýsingagjöf og fræðsla

**Hæfniskröfur:**
- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Góð samskiptahæfni
- Áhugi á að starfa með ungu fólki

**Það eru sérstök lífsgæði að búa á Egilsstöðum í fögru náttúru og öruggu umhverfi**

TALENT RÁÐNINGAR

| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Mjöll Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum, mjoll@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní 2008

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

# Yfirmatreiðslumaður

## hjá Ruby Tuesday Höfðabakka

**Í starfinu felst meðal annars:**

- Umsjón með daglegum rekstri eldhúss í samráði við rekstarstjóra.
- Umsjón með vörupöntunum.
- Vöruþróun í samráði við rekstrar- og framkvæmdastjóra.
- Skipulagning vakta í eldhúsi í samráði við rekstrarstjóra.

**Menntunarkröfur:**
Viðkomandi skal hafa að lágmarki sveinspróf eða sambærilega reynslu.

**Annað:**
Aðeins koma til greina jákvæðir, metnaðarfullir og reglusamir einstaklingar.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til
***magnus@rubytuesday.is .***
**Umsóknarfrestur er til 10. Júní 2008.**

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

**Höfðabakka 9 & Skipholti 19**

Staki er nýstofnað fyrirtæki í eigu Símans, sérhæft þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni með áherslu á framleiðslufyrirtæki. Lausnir Staka spanna frá gagnasöfnun til skýrslugerðar, frá framleiðslugólfi til forstjóra, með það meginmarkmið að hámarka virði viðskiptavinarins.

Hjá Staka starfar samhentur hópur hugbúnaðarsérfræðinga, tæknifræðinga og verkfræðinga sem ætlar að byggja upp öflugt og framsækið þjónustufyrirtæki. Við leitum að öflugu samstarfsfólki með menntun, þekkingu og reynslu, fólki sem er tilbúið að takast á við ný og spennandi verkefni.

Staki

# *Staki leitar að tæknimeisturum*

## Tækni- eða verkfræðingar

Við leitum að tækni- eða verkfræðingum og reynsla úr atvinnulífinu er kostur. Viðkomandi verða að vera agaðir í vinnubrögðum, sjálfstæðir í hugsun og verki, eiga auðvelt með mannleg samskipti og hafa frumkvæði. Þekking og reynsla af iðntölvustýringum, forritun þeirra og samskiptum við gagnagrunna er kostur. Sama gildir um almenna forritunarþekkingu og reynslu af rafmagnshönnun.

## Hugbúnaðarsérfræðingar

Viðkomandi verða að hafa reynslu úr atvinnulífinu, vera agaðir í vinnubrögðum, sjálfstæðir í hugsun og verki, eiga auðvelt með mannleg samskipti og hafa frumkvæði. Gerð er krafa um þekkingu á .NET, Delphi og C# auk almennrar reynslu og þekkingar af hugbúnaðarþróun og viðhaldi. Reynsla og þekking á hönnun og uppbyggingu á vöruhúsum, gagna- og skýrslugerð er kostur.

Upplýsingar í síma 550 6470 alla virka daga.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Staka, **www.staki.is**

Umsóknarfrestur er til **16.júní**.

Sérvizka getur verið kostur en ekki nauðsyn.

**Staki ehf.** - Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík - staki.is




# Viltu vinna hjá góðu fyrirtæki?

**Húsasmiðjan leitar að þjónustulunduðu og hæfileikaríku starfsfólki í þann góða hóp sem fyrir er**

## Grafarholt

### Helgarstarfsmenn í timbursölu

- **Ábyrgðarsvið**
  Sala og ráðgjöf í timbursölu
  Ráðgjöf til viðskiptavina
- **Hæfniskröfur**
  Þjónustulund, áhugi og metnaður
  Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- **Í boði er**
  Gott og öruggt vinnumhverfi
  Skemmtilegur vinnustaður með samhentum hópi starfsmanna
  Helgarvinna - eftir samkomulagi

**Þarf að geta hafið störf fljótlega**

## Grafarholt

### Helgarstarfsmenn í Blómaval

- **Ábyrgðarsvið**
  Sala og ráðgjöf í verslun
  Skreytingar
- **Hæfniskröfur**
  Þjónustulund, áhugi og metnaður
  Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
  Reynsla af vinnu við blóm kostur
- **Í boði er**
  Gott og öruggt vinnumhverfi
  Skemmtilegur vinnustaður með samhentum hópi starfsmanna
  Vinnutími eftir samkomulagi

**Þarf að geta hafið störf fljótlega**

**Umsóknarfrestur til 14. júní 2008 á vef Húsasmiðjunnar husa.is undir umsóknir. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri Elín Hlíf Helgadóttir elinh@husa.is.**

### Fyrir alla

**Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.**
**Heilsuefling**: Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.
**Viðskiptakjör**: Við bjóðum starfsmönnum góð kjör
**Húsasmiðjuskólinn**: Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.
**Starfsmannafélag**: Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

### Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu.
Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.
Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi



Grand HÓTEL REYKJAVÍK

**Yfirþjónn**
**Framreiðslumaður**
**Matreiðslumaður**
**Bakari**

Um er að ræða vaktavinnu á skemmtilegum vinnustað með góðum hópi fagmanna. Viðkomandi aðilar þurfa að hafa starfsreynslu og eiga gott með að vinna í hópi.

Umsóknarfrestur er til 18. júní.

Vinsamlegast sendið umsóknir á Ingólf Einarsson, aðstoðarhótelstjóra, ingolfur@grand.is

*Grand Hótel Reykjavík, er 4* ráðstefnuhótel, með 314 herbergjum og svítum, veitingastað, bistró bar, 14 funda- og veislusali, ásamt Grand Spa.*

# Framkvæmdastjóri

Vesturlandsstofa auglýsir eftir framkvæmdarstjóra.

Um er að ræða nýtt og spennandi starf við að kynna og markaðssetja ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Lögð er áhersla á frumkvæði, áreiðanleika, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af markað- og sölustarfi, gott vald á erlendum tungumálum og góða tölvukunnáttu.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi þekkingu á svæðinu.

Vesturlandsstofa er nýstofnað fyrirtæki sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi og er skrifstofan staðsett í Borgarnesi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Gísli Ólafsson í síma 8944076 og á netfangið birtash@simnet.is

Umsókn skal skilað til UKV c/o Hrafnhildur Tryggvadóttir, Hyrnutorgi , 310 Borgarnesi merkt Vesturlandsstofa fyrir 20. júní nk.

ARCTIC WEAR

Arctic Wear óskar eftir að ráða öflugan markaðs- og söluráðgjafa í Reykjanesbæ.

**Starfssvið:**
- Uppbygging á framsækinu fyrirtæki með nýjum eigendum
- Bein og framsækin sala, úthringingar og heimsóknir
- Sölusímtöl og -fundir með mögulegum viðskiptavinum
- Skipulagning og gerð markaðsherferðar

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af beinni og framsækinni sölu
- Frumkvæði, dugnaður og góð tölvukunnátta
- Sannfæringarkraftur, sjálfstæði og þrautseigja

Arctic Wear er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun, þróun og sölu á vinnufatnaði fyrir íslenska markaðinn. Nánari upplýsingar og ferilskrár sendist til:
thorey@aw.is

**umsóknarfrestur er til 10.júní**




Take this exceptional opportunity to meet our recruiters seeking prospective candidates to join our multicultural and dynamic Inflight Services team based in Dubai.

**Venue** - Icelandair Hotel Loftleidir. Hlidarfotur 101, Reykjavik, Iceland.
**Date** - 28th June 2008
**Time** - 9:00am sharp

Please bring an updated CV along with passport size and full-length photographs.

For further information visit www.emiratesgroupcareers.com

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

# Yfirmaður í eldhúsi

**Leikskólinn Klambrar við Háteigsveg óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús.**

Um er að ræða 100% stöðu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- nám og reynsla á sviði matreiðslu
- reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- góð íslenskukunnátta
- skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólastjóri í síma 511 1125 eða 693 9881. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á www.reykjavik.is/storf.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# VERKSTJÓRAR - HÚSASMIÐIR - VERKAMENN

TSH VERKTAKAR

**Við leitum eftir:**
- vönum verkstjórum
- smiðum með/án kranaréttinda
- smiðum vönum einingareisningu
- smíðaflokkum

**Starfsstaðir:**
- Reykjavík
- Reykjanesbær
- Akranes

**TSH**
TSH er verktakafyrirtæki með þrjátíu ára reynslu í húsbyggingum. Hjá okkur starfa um þrjátíu manns. Verkefnastaða fyrirtækisins er mjög góð og leitum við því eftir framtíðarstarfsmönnum.

**Upplýsingar**
Frekari upplýsingar gefur Ásbjörn í síma 660-1786 eða aj@tsh.is
Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og aðbúnaður góður.



Hótel Hérað er 60 herbergja þriggja stjörnu hótel í miðbæ Egilsstaða. Veitingasalur rúmar um 100 manns og þar er glæsileg ráðstefnuaðstaða. Hótel Hérað er rekið af Flugleiðahótelum sem er hluti af Icelandair Group.

HÓTEL HÉRAÐ





**MATREIÐSLUMAÐUR TIL FRAMTÍÐARSTARFA**

Við leitum að dugmiklum, áreiðanlegum einstaklingi í framtíðarstarf, sem getur séð um stjórnun, skipulag, innkaup og eftirlit í eldhúsi.

- Góð samskiptahæfni
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Áreiðanleiki og stundvísi

Um er að ræða vaktavinnu.

**Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: audur@icehotels.is fyrir 16. júní 2008**

IH ICELANDAIRHOTELS

HÓTEL HÉRAÐ | 700 EGILSSTAÐIR
SÍMI: 471 1500 | www.icehotels.is

# Hársnyrtir

Hársnyrtistofan Dalbraut óskar eftir hársnyrti til starfa.

Hársnyrtistofan • Dalbraut 1 • Sími 698 7537

# Þjónustufólk

**hjá Ruby Tuesday**

Við hjá **Ruby Tuesday** erum alltaf að leita að skemmtilegu og framfærnu fólki til að þjóna viðskiptavinum okkar.

Skilyrði er að umsækendur séu opnir, jákvæðir og hafi mikla þjónustulund. Einnig er æskilegt að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri.

Umsóknir fyllast út á **www.rubytuesday.is**

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

**Höfðabakka 9 & Skipholti 19**

## Fræðslusvið Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í leikskólum

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

**Hlíðarberg**
(565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hlíðarendi**
(555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

**Hraunvallaskóli**
(664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Þroskaþjálfi
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hörðuvellir**
(555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi (75 - 100%)

**Norðurberg**
(555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

**Stekkjarás**
(517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Deildarstjórar
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun.
Starfsfólk í afleysingar

**Tjarnarás**
(565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhús

**Vesturkot**
(565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun (frá hausti 2008)

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

# Snæfellsbær



# HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

## óskast við Dvalarheimilið Jaðar í Ólafsvík

**Dvalar - og hjúkrunarheimilið Jaðar auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa. Um er að ræða 60% starfshlutfall.**

Jaðar er lítið og notalegt heimili 15 vistmanna. Þar ríkir góður starfsandi og heimilisbragur góður.

Nú eru að hefjast framkvæmdir við stækkun heimilisins þar sem aðstaða vistmanna og starfsmanna verður mjög góð.

Spennandi tímar eru því framundan við frekari uppbyggingu í þjónustu, aðbúnaði og umönnun heimilisfólks.

Umsóknir berist forstöðumanni sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar í síma 433 6933 eða 857 6605.

Skriflegum umsóknum ber að skila fyrir 20. júní n.k. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is undir "Stjórnskipan" og "Eyðublöð"

Ólafsvík er einn af þremur þéttbýliskjörnum sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ.

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Ólafsvík í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík - og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

# Ferðamálastofa auglýsir tvær stöður lausar til umsóknar

## Rekstrarstjóri – Akureyri

**Ferðamálastofa leitar eftir rekstrarstjóra í fullt starf á Akureyri frá og með 1. september 2008.**

**Rekstrarstjóri heyrir beint undir ferðamálastjóra. Starfssvið er m.a.:**

- Daglegt fjárhagsleg umsýsla
- Vinna að gerð ársáætlana og eftirfylgni við þær
- Umsjón með samningagerð vegna styrkveitinga
- Umsjón með samningagerð og fjársýslu vegna alþjóðlegra kynningarmála
- Umsýsla vegna starfsmannahalds, í samvinnu við ferðamálastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum er skilyrði
- Framhaldsmenntun er æskileg, sér í lagi á sviði mannauðsstjórnunar
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af fjármálastjórnun hjá hinu opinbera
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur
- Framtakssemi, sjálfstæði í vinnubrögðum og löngun til að takast á við síbreytileg verkefni
- Samskiptahæfni

Starfið er nýtt og verðandi rekstrarstjóra bíður krefjandi vinna við mótun þess og uppbyggingu stofnunarinnar til að mæta nýjum verkefnum og áskorunum.

***Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2008.*** *Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist Ferðamálastofu í Reykjavík, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík, merktar starfinu, eða á netfangið olof@icetourist.is. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.*

## Markaðsfulltrúi – Reykjavík

**Ferðamálastofa leitar eftir markaðsfulltrúa í 100% starf á markaðssviði stofnunarinnar í Reykjavík. Markaðsfulltrúi starfar undir stjórn forstöðumanns markaðssviðs að kynningarmálum innanlands og erlendis.**

**Starfssvið:**

- Samskipti við íslenska ferðaþjónustu- og söluaðila á Íslandi og erlendis
- Aðstoð við starfsfólk Ferðamálastofu á starfsstöðvum erlendis
- Umsjón og framkvæmd markaðsverkefna í Bretlandi
- Gerð kynninga og kynningarefnis með markaðsteymi Ferðamálastofu
- Aðstoð við skipulagningu og framkvæmd blaðamannaferða frá öllum mörkuðum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Framhaldsnám á sviði markaðsmála er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla á sviði áætlanagerðar og stefnumótunar er kostur
- Þekking á íslenskri ferðaþjónustu æskileg en ekki skilyrði

*Umsóknir með upplýsingum um starfsferil og menntun sendist Ferðamálastofu, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík fyrir* ***1. júlí 2008,*** *eða á sigrun@icetourist.is. Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.*

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf 1. ágúst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Hlín Sigurðardóttir, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu, sigrun@icetourist.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um störfin.

**Upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar er að finna á www.ferdamalastofa.is.**

**www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 I 101 Reykjavík I Sími 535 5500 I Fax 535 5501 I Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 I 600 Akureyri I Sími 464 9990 I Fax 464 9991 I Netfang: upplysingar@icetourist.is

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

# LÖGFRÆÐINGAR



Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir því að ráða lögfræðinga með embættispróf eða masterspróf í starf samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla (aðstoðarmaður dómara) frá 1. september n.k. Viðkomandi þarf að búa yfir skipulagshæfileikum, vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi héraðsdómstólanna við háskólamenntaða starfsmenn sína. **Ráðið er í stöðuna frá 1. september n.k. Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendar Ólöfu Finnsdóttur, skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík,** en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið **í síma 560 4900.**
**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní n.k. en tekið er á móti umsóknum rafrænt á netfangið olof@domstolar.is.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Reykjavík, 6. júní 2008

Helgi I. Jónsson, dómstjóri
Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík
www.domstolar.is

Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Sími 560 4900 · Fax 562 2166
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is
www.domstolar.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## Laus störf við Grunnskóla
### Húnaþings vestra

**Staða þroskaþjálfa**
(þjálfun og umönnun einhverfs nemanda, auk þjálfunar og stuðnings við aðra nemendur skólans)

**2 stöður skólaliða**
(gæsla nemenda, ræsting húsnæðis, mötuneytisstörf o.fl.)

Leitað er að röskum, áhugasömum og jákvæðum starfsmönnum sem hafa gott lag á að umgangast börn og unglinga og geta unnið bæði sjálfstætt og með öðrum. Umsóknum með upplýsingum um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila skal skila til skólastjóra sem einnig veitir nánari upplýsingar. Ágúst Jakobsson skólastjóri s: 847-8812, netfang: agustj@ismennt.is

## Laus störf við Leikskólann Ásgarð
### í Húnaþingi vestra

**100% staða þroskaþjálfa**
(þjálfun og umönnun einhverfs nemanda).

**3 stöður leikskólakennara** í 100% starfshlutfall.

Leitað er að áhugasömum, skapandi, jákvæðum og tillitssömum einstaklingum. Umsóknum með upplýsingum um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila skal skila til skólastjóra sem einnig veitir nánari upplýsingar. Möguleikar á að samnýta stöðu þroskaþjálfa í leikskóla og félagsþjónustu. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri s:451-2955 eða 891-8284, netfang: leikskoli@hunathing.is

## Laust starf við Félagsþjónustu
### Húnaþings vestra

**50% staða ráðgjafa**
í málefnum fatlaðra. Óskað er eftir starfsmanni með menntun sem þroska-, iðjuþjálfi eða tilsvarandi.
Möguleikar á að samnýta stöðu í félagsþjónustu og leikskóla.

Umsóknum með upplýsingum um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila skal skila til félagsmálastjóra, sem einnig veitir nánari upplýsingar. Oddur Gíslason félagsmálastjóri s. 455-2400, netfang: felagsmalastjori@hunathing.is

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er í alfaraleið aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Íbúar í Húnaþingi vestra eru tæplega 1,200 og í sveitarfélaginu er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til íþróttaiðkunar, útivistar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk. Húnaþing vestra veitir aðstoð við leit á húsnæði.

**Umsóknarfrestur er til 23. júní 2008**, og skal umsóknum skilað til: Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga. Merkt viðkomandi stofnun.

**Sveitastjóri Húnaþings vestra**

# Bílstjórar - Tækjastjórar

ÍAV

*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og býr yfir áratugareynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, mannvirkjagerð eða opinberar byggingar. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 600 manns.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga.*

*Við bjóðum góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*Við hvetjum konur og karla til að sækja um starfið.*

## ÍAV óska eftir að ráða tækjastjóra í efnisnámu ÍAV í Lambafelli við Þrengslaveg

Viðkomandi þarf að hafa réttindi til að stjórna jarðýtum og/eða hjólaskóflum.

Reynsla æskileg en ekki skilyrði.

*Nánari upplýsingar veitir Jón Kristjánsson verkstjóri í síma 660-8170.*

*Umsóknir berist um heimasíðu www.iav.is fyrir 18. júní 2008.*

## Bílstjórar – tækjastjórar

ÍAV óska eftir að ráða bílstjóra og tækjastjóra til starfa á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

*Upplýsingar veitir Elís Björn Klemensson, verkstjóri á mannvirkjasviði í síma 530-4200, velar@iav.is.*

*Umsóknir berist um heimasíðu www.iav.is fyrir 18. júní 2008.*



Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

# Prima donna hársnyrtistofa

óskar eftir hressum og duglegum hársnyrtinema í fullt starf. Upplýsingar veittar í síma 588 5566, 863 7794 eða á staðnum, Grensásvegi 50

oddi hf

## STÝRIMAÐUR

Oddi hf. á Patreksfirði auglýsir eftir stýrimanni á línuskipið Núp BA 69. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af línuveiðum auk stýrimannsréttinda. Um er að ræða framtíðarstarf.

Núpur er 238 brl., sérhæft línuskip og vel útbúið. Veiðiferðir eru jafnan 3 – 4 dagar. Gert er út frá Patreksfirði. Kvótastaða skipsins er góð sem og tekjumöguleikar.

Upplýsingar veita skipstjóri í síma 862 5767 eða útgerðarstjóri í síma 869 8681. Einnig má senda umsóknir eða fyrirspurnir á sverrir@oddihf.is .

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

**Samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar**
## óskar eftir forvarnafulltrúa

Samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða forvarnafulltrúa í 100% starf. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf.

Æskilegt er viðkomandi geti hafið störf 15. ágúst nk.

Markmið starfsins er að stuðla að heilbrigðum lífsvenjum barna og ungs fólks í samræmi við stefnumörkun Akureyrarbæjar í forvörnum.

**Starfssvið:**
- Umsjón og eftirfylgni með verkefnum forvarna stefnu Akureyrarbæjar.
- Skipulag og framkvæmd forvarnastarfs með börnum og unglingum m.a. í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsi.
- Umsjón með forvarnaverkefnum sem samfélags- og mannréttindadeild býður upp á í grunnskólum bæjarins.
- Ráðgjöf og samstarf við aðila sem vinna með börnum og unglingum, foreldra, börn og ung menni.
- Víðtækt samstarf um vímuvarnir barna og ungmenna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum skilyrði.
- Reynsla af forvarnastörfum æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi fagstéttarfélags.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060.

Nánari upplýsingar um starfið veita Alfa Aradóttir, forstöðumaður forvarna- og æskulýðsmála, og Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri, í síma 460-1230 eða á netföngin alfaa@akureyri.is og katrinb@akureyri.is

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www. akureyri.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins.

**Umsóknarfrestur er til 20. júní 2008.**

# Nesprýði

## Bílstjórar og tækjamenn

Nesprýði óskar eftir að ráða bílstjóra og tækjamenn til starfa á Suðurnesjum.

Upplýsingar veitir Jón Olsen framkvæmdarstjóri í síma 421-6269. Umsóknir berist um heimasíðu www.nesprydi.is fyrir 16.júní 2008

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í grunnskólum skólaárið 2008-2009

**Áslandsskóli**
(585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Verkefnastj. v/fæðingarorlofs aðstoðarskólastjóra
- Enskukennsla
- Íþróttir og sund
- Forstöðumaður heilsdagsskóla
- Skólaliði

**Engidalsskóli**
(555 4433 audur@engidalsskoli.is)
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Smíði
- Þroskaþjálfi/sérkennari
- Skólaritari
- Forstöðumaður heilsdagsskóla

**Hraunvallaskóli**
(590 2800 agusta@hraunvallaskoli.is;sigrunk@hraunvallaskoli.is)
- Kennarateymi á yngsta stigi
- Kennarateymi á miðstigi
- Tónmenntakennari
- Textílkennari
- Sérkennari
- Námsráðgjafi til afleysinga í eitt ár
- Þroskaþjálfi
- Leikskólakennarar
- Þroskaþjálfi
- Skóliði

**Hvaleyrarskóli**
( 565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is)
- Umsjónarkennari á yngsta-/miðstigi
- Enskukennsla á unglingastigi (50%)
- Náttúrufræðikennsla á unglingstigi
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Lækjarskóli**
(555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
- Íslenskukennsla á unglingastigi
- Umsjónarkennari á miðstigi.

**Setbergsskóli**
(565 1011 gudosk@setbergsskoli.is)
- Umsjónarkennsla á unglingastigi, kennsla í íslensku, ensku o.fl.
- Heimilisfræði (50%)
- Kennari/þroskaþjálfi í sérúrræði vegna einhverfra nemenda
- Námsráðgjafi (60%)
- Skólaliði í íþróttahús
- Skólaliðar

**Víðistaðaskóli**
(595 5800 annakr@vidistadaskoli.is)
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Dönskukennsla á unglingastigi
- Náttúrufræðikennsla
- Tónmennt
- Smíði
- Sérkennsla
- Námsráðgjafi (100%)
- Matráður í mötuneyti starfsmanna

**Öldutúnsskóli**
(555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
- Kennari og þroskaþjálfi í sérdeild
- Umsjónarkennari á yngsta - / miðstigi
- Íslenska, danska, náttúrufræði og stærðfræði á unglingastigi
- Tónmennt
- Smíði, textíl, heimilisfræði
- Skólaliði

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjónendur viðkomandi skóla. Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

---

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Hefur þú áhuga á góðri menntun og vellíðan nemenda?**

# GRUNNSKÓLAKENNARAR
## Laus störf í Sjálandsskóla skólaárið 2008-2009

Grunnskólar Garðabæjar eru eftirsóknarverðir vinnustaðir þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku. Í skólastefnu Garðabæjar koma fram áherslur bæjarins í skólastarfi. Þar má meðal annars nefna að taka skuli mið af þörfum hvers og eins nemanda, ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði sem og stuðla að góðri félags- og samskiptafærni og síðast en ekki síst að laða að vel menntað og hæft starfsfólk.

Garðabær hefur á undanförnum árum lagt sig fram við að bæta starfskjör og aðstöðu starfsmanna. Í grunnskólunum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi með þátttöku í markvissri símenntun.

**Umsjónakennarar á miðstigi**
**Sérkennari**

**Sjálandsskóli er kjörinn vinnustaður fyrir kennara sem:**
- vilja vinna í teymi í sveigjanlegu skólahúsnæði
- aðhyllast þema- og útikennslu
- laga kennsluhætti markvisst að þörfum nemenda
- eiga virka samvinnu við aðra kennara og starfsmenn
- vilja öflugt samstarf við foreldra
- hafa það að leiðarljósi að ná árangri í starfi

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf berist skólastjóra (590 3100, helgi@sjalandsskoli.is) sem veitir nánari upplýsingar.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN við hlutaðeigandi stéttarfélög.

**Deildarstjóri skóladeildar**

Garðabær – þjónusta til þín Fræðslu- og menningarsvið

---

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Lausar stöður á Leikskólasviði Reykjavíkurborgar

**Leikskólasvið annast starfsemi og rekstur leikskóla. Í því felst þróun leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir leikskólaráð og starfshópa á vegum ráðsins. Undir Leikskólasvið heyra 80 leikskólar og á sviðinu starfa um 1.800 starfsmenn.**

## Mannauðsráðgjafi í starfsmannaþjónustu

Starfsmannaþjónustan veitir stjórnendum í leikskólum Reykjavíkurborgar ráðgjöf.

**Helstu verkefni:**
- Veita ráðgjöf til stjórnenda um starfsmannamál
- Veita ráðgjöf um símenntun og sjá um símenntun fyrir ákveðna starfshópa
- Fylgja eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- Vinna að bættu starfsumhverfi

Auk ýmissa annarra þátta sem lúta að því að gera leikskóla borgarinnar að aðlaðandi og eftirsóknarverðum vinnustöðum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði mannauðsmála æskileg
- Góð tölvuþekking
- Góð tungumálakunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Metnaður í starfi, skipulagshæfni, frumkvæði og vilji til að takast á við krefjandi verkefni.

## Sérfræðingur í starfsmannaþjónustu

**Helstu verkefni:**
- Veita ráðgjöf vegna ráðninga og hafa umsjón með starfsauglýsingum
- Vinna við mannauðskerfi Reykjavíkurborgar og veita ráðgjöf til stjórnenda um kerfin
- Sjá um innri vef Leikskólasviðs
- Halda utan um ýmiss konar skjalagerð og skráningar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvuþekking og reynsla af ýmsum tölvuforritum
- Góð tungumálakunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Metnaður í starfi, skipulagshæfni, frumkvæði og vilji til að takast á við krefjandi verkefni.

## Stjórnunarritari á skrifstofu sviðsstjóra

**Helstu verkefni:**
- Sjá um ýmiss skrifstofu- og þjónustustörf fyrir sviðsstjóra og framkvæmdastjórn Leikskólasviðs
- Halda utan um erindi sem berast sviðsstjóra og framkvæmdastjórn
- Aðstoða við ritun fundargerða leikskólaráðs og sjá um undirbúning og eftirfylgni funda
- Að sjá um undirbúning fyrir fundi og móttöku gesta á vegum sviðsstjóra og framkvæmdastjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Gott vald á ensku og einu norrænu tungumáli
- Góð samskiptahæfni
- Metnaður í starfi, skipulagshæfni, frumkvæði og vilji til að takast á við krefjandi verkefni.

Upplýsingar um störfin veitir Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, ingunn.gisladottir@reykjavik.is Fríkirkjuvegi 1, í síma 411-7000.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2008.**

Laun eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf og sendist á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is – störf í boði.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

# Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum

**Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfrum laust til umsóknar.** Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun, sem hefur tekið við rekstri landsvæða sem tilheyra Vatnajökulsþjóðgarði og ná yfir u.þ.b. 13.000 km².

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: Norðursvæði, Austursvæði, Suðursvæði og Vestursvæði. Starf þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfrum tilheyrir Norðursvæði.

Á öllum rekstrarsvæðum starfa svæðisráð sem eru þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði. Svæðisráðin gera tillögu um ráðningu þjóðgarðsvarðar á hverju svæði, vinna tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði, sem og tillögu að verndaráætlun á sínu svæði.

Næsti yfirmaður þjóðgarðsvarðar er framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum annast daglegan rekstur og stjórn á sínu svæði í samráði við framkvæmdastjóra og ræður starfsfólk á því svæði.

**Önnur verkefni þjóðgarðsvarðar eru:**

- Að aðstoða svæðisráð við gerð tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði.
- Að koma verndaráætlun þjóðgarðsins til framkvæmda innan þess fjárhagsramma sem viðkomandi rekstrarsvæði er ætlaður hverju sinni.
- Að hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og að ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn séu virt.
- Fræðsla um náttúruvernd á sínu rekstrarsvæði og um Vatnajökulsþjóðgarð.

**Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:**

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur.
- Þekking á umhverfismálum og náttúruvernd.
- Reynsla af almennum rekstri og mannaforráðum.
- Reynsla eða þekking á fræðslu til mismunandi hópa.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Frekari tungumálakunnátta er kostur.

**Eftirfarandi kröfur um hæfni eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:**

- Tekur ákvarðanir og fylgir þeim eftir.
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Er skipulagður og með ríka þjónustulund.
- Sýnir lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

***Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulsþjóðgarði, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, eigi síðar en 10. júní nk.***

Upplýsingar um starfið veita Rúnar Þórarinsson, formaður svæðisstjórnar Norðursvæðis, runarth@kopasker.is, og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, thordur@vatnajokulsthjodgardur.is, eða í síma 575 8400.

PORT hönnun

## Vélamenn óskast til vinnu strax,

vanir sem óvanir. Hægt er að sækja um á heimasíðunni, www.klaedning.is eða að hringja í síma 565-3140.

## Operator koparki potrzebny od zaraz

(doswiadczenie mile widziane). Zgłoszenia www.klaedning.is lub tel. 6447038.



Klæðning ehf. www.klaedning.is

Matfugl

**Matfugl ehf**

Völuteig 2 270 Mosfellsbæ

## Matfugl ehf leitar að starfsmanni til starfa við þrif.

Helstu kostir sem viðkomandi þarf til að bera eru dugnaður og samviskusemi. Samkeppnishæf laun í boði.
**Starfssvið:** Þrif og almennt viðhald á kjúklingahúsum.
Áhugasamir sendi skriflega umsókn á netfangið denni@matfugl.is

Praca Praca

Poszukujemy pracownika do pracy przy myciu wewnatrz budynkow w produkcji drobiarskiej.
Praca na dluzszy okres czasu, wysokie zarobki.
Warunki – prawo jazdy oras jezyk angielski lub islandzki.
Tel: 6609622 Pawel / e-mail: denni@matfugl.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



# Áhugaverð störf

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Héðinn hf. er málmtæknifyrirtæki sem veitir sérhæfða þjónustu í málmiðnaði og annast viðgerðir á vélbúnaði fiskiskipa. Öflug tæknideild, fullkominn vélabúnaður og metnaður til að gera vel skipa Héðni í fremstu röð á sínu sviði.

Hjá Héðni starfa 90 manns og mötuneyti er á staðnum. Töluvert af þjónustu Héðins er veitt á starfsstöðvum viðskiptavina víða um land.

Seinni hluta þessa árs flytur Héðinn úr Garðabænum í nýtt og glæsilegt 6.000 fermetra húsnæði í Hellnahrauni í Hafnarfirði. Nýja Héðinshúsið er sérsniðið utan um starfsemi fyrirtækisins og býður upp á bestu vinnuaðstöðu sem þekkist í málmiðnaði.

## Héðinn hf. leitar að hæfileikafólki í störf á sviði véltækni og málmtækni

### ▶ Vélvirkjar/Vélstjórar

Krefjandi verkefni í vélbúnaði, viðhaldsverkefnum og nýsmíði. Fjölbreyttar vinnuaðstæður. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þorvaldsson í síma 569-2122 og á netfanginu **olafur@hedinn.is**

### ▶ Rennismiðir

Fjölbreytt verkefni við nýsmíði og viðgerðir. Nánari upplýsingar veitir Sindri Sigurgeirsson í síma 569-2131 og á netfanginu **sindri@hedinn.is**

Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins á netfangið **atvinna@hedinn.is** eða fyllið út umsókn á vefsíðu fyrirtækisins **www.hedinn.is**
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

'Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

næst

# Múrarar Óskast

Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur góða fagmenn í múrverki.

Næg vinna framundan

Nánari upplýsingar í símum: 824 0150 824 0160

Strúctor
byggingaþjónusta • structor.is

# BAKO ÍSBERG

LYNGHÁLSI 7 • 110 RVK • SÍMI: 5956200 • FAX: 5956201
BAKO@BAKO.IS • WWW.BAKO.IS

## BAKO-ÍSBERG TÆKNIDEILD.

Við óskum eftir að ráða rafvirkja í sérhæfða viðgerðar- og uppsetningarvinnu. Um er að ræða krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki.

**Helstu verkefni**
- Viðgerðir og þjónusta á tækjum frá Bako Ísberg
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Uppsetningar á tækjum frá Bako Ísberg
- Varahlutainnkaup og samskipti við erlenda birgja

**Hæfniskröfur**
- Reynsla í viðgerðum á tækjum
- Rafvirki, vélvirki eða eitthvað sambærilegt
- Hæfni til að vinna sjálfstætt Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

**Hvað veitum við**
- Góða sérhæfða þjálfun fyrir starfið
- Símenntun
- Tækifæri til sérmenntunar
- Góð laun fyrir rétta aðila

**Hvernig sækir þú um?**
Sendu umsókn þína til
***Bako-Ísberg tæknideild, Lynghálsi 7, 110 Reykjavík.***
Þú getur sent umsókn þína á netfangið ***throstur@bako.is eða hringt í Þröst Líndal í síma 825-6260.***
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til 20. júní n.k.**



*Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar*
*Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg*

## Okkur vantar fleira gott fólk til að starfa á Seltjarnarnesi

**Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar leitar að hressum og samviskusömum einstaklingum til fjölbreyttra starfa við félagslega heimaþjónustu, liðveislu, persónulega ráðgjöf og tilsjón á Seltjarnarnesi.**

Starfshlutfall og vinnutími eru samkomulagsatriði, svo betur megi samþætta starf og einkalíf. Hæfniskröfur til umsækjenda eru lipurð í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Öll þjónusta hjá bæjarfélaginu byggir á þeim grunni að þrátt fyrir veikindi og fötlun geti einstaklingar nýtt sína hæfileika til fullnustu. Með því eiga einstaklingar að geta haldið reisn sinni og virðingu og búið sem lengst á eigin heimilum. Áhersla er lögð á alúðlega framkomu starfsfólks við þá sem njóta þjónustu frá Seltjarnarnesbæ. **Hvernig væri að prófa? - og kynna sér kosti þess að vinna hjá Seltjarnarnesbæ.**

Nánari upplýsingar veita Anna Kristín Guðmannsdóttir deildarstjóri annag@seltjarnarnes.is og Þorsteinn Sveinsson yfirfélagsráðgjafi thorsteinns@seltjarnarnes.is

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar
Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg
sími 5959100, 5959130

SELTJARNARNESBÆR
Félagsþjónusta

Augl. Þórhildar 2200.410

# ÞJÓNUSTUSTJÓRI Í REYKJANESBÆ

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 43 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Vátryggingafélag Íslands, VÍS, leitar að þjónustustjóra á skrifstofu félagsins í Reykjanesbæ. Starf þjónustustjóra felst í því að veita skrifstofunni í Reykjanesbæ forstöðu og hafa umsjón með rekstri hennar. Þjónustustjóri sér m.a. um að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu og ráðgjöf um tryggingavernd, afgreiðslu tjóna auk þess að sjá um sölumál og innheimtu á svæðinu.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði vátrygginga eða annarri fjármálastarfsemi er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði
- Skipulagshæfni og nákvæmni í starfi

Umsóknum skal skilað á heimasíðu VÍS, vis.is, í síðasta lagi föstudaginn 13. júní.

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Guðjónsson, runar@vis.is.

Í samræmi við stefnu VÍS um jafnréttismál eru konur, jafnt sem karlar, hvattar til að sækja um starfið.

Fíton/SÍA

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

VÍS Þar sem tryggingar snúast um fólk

» **Ráðningarþjónusta**

Býrð þú á Norður- eða Austurlandi?

VHE VÉLAVERKSTÆÐI

# Leitar þú að nýjum framtíðarmöguleikum?

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar (VHE) óskar eftir að ráða til starfa :

## » Vélvirkja

## » Rennismiði eða aðra málmiðnaðarmenn

## » Rafvirkja

Rekstur VHE í Fjarðarbyggð er í uppbyggingu en framkvæmdir við byggingu húsnæðis fyrir starfsemina eru langt komnar. Starfsemin er og verður fjölbreytt og býður uppá mikla möguleika fyrir iðnmenntað fólk á sviði vél- og rafgreina.

Auk þess að veita álverinu þjónustu, sinnir verkstæði okkar ýmsum öðrum verkefnum svo sem smíði á sérhæfðum vélum og vélbúnaði ásamt uppsetningu búnaðar hérlendis og erlendis.

Við leitum að fólki sem er tilbúið að vinna með okkur að uppbyggingu öflugrar og fjölbreyttrar starfsemi fyrirtækisins í Fjarðarbyggð.

Unnið er í 10 daga og 4 daga frí, húsnæði á staðnum.

**Umsjón með störfunum og nánari upplýsingar veita Hulda Helgadóttir (hulda@hhr.is) og Sigurborg Þórarinsdóttir (sigurborg@hhr.is) hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma 561 5900.**
**Áhugasamir eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is eða hafa samband við ofangreinda ráðgjafa og skrá sig símleiðis.**




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Samstarfsfólk í Grundarfirði og Reykjavík

## Við hjá ráðgjafarfyrirtækinu Alta leitum að góðu fólki til liðs við okkur

Alta grípur óhikað þau tækifæri sem gefast í breytilegum heimi. Við störfum við verkefnisstjórnun, stefnumörkun og verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála, fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og aðra opinbera aðila. Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg og skemmtileg, en jafnframt krefjandi.

Við óskum eftir fjölhæfu, frjóu og drífandi samstarfsfólki, gjarnan með fjölbreyttan náms- og starfsferil að baki, bæði fyrir útibú okkar í Grundarfirði og í Reykjavík. Við leitum að fólki sem hefur víða sýn, opinn hug og getu til að ná frábærum árangri.

**Almennar hæfniskröfur**

- Frumkvæði og áhugi á að takast á við fjölbreytt verkefni, kynna sér nýjungar og sjá hlutina í samhengi.
- Áhugi á mannlegum samskiptum og að vinna í árangursdrifnu samkeppnisumhverfi ráðgjafa.
- Hæfni og metnaður til að beita vönduðum vinnubrögðum og veita framúrskarandi þjónustu.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Geta og áhugi á að starfa undir álagi, takast á við verkefni hvar sem er á landinu og vinna í skorpum, þegar þess er þörf.

### Starfsfólk í **Reykjavík** fyrir umhverfisráðgjöfina og umferðar- og skipulagsmál

**Bakgrunnur og reynsla**

- Háskólamenntun með framhaldsgráðu;
  - á sviði umhverfisfræða, m.a. umhverfis- og gæðastjórnunar.
  - skipulags- og verkfræði, m.a. á sviði umferðarskipulags.
- Starfsreynsla er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri, halldora@alta.is, sími 582-5000.

### Starfsfólk í **Grundarfirði** fyrir fjölbreytt verkefni

**Bakgrunnur og reynsla**

- Öll háskólamenntun kemur til greina.
- Starfsreynsla er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir Björg Ágústsdóttir, útibússtjóri, bjorg@alta.is, sími 582-5000 eða 582-5006.

Alta býður upp á frjótt og fjölbreytt vinnuumhverfi í góðum hópi. Til að fá betri mynd af Alta og hvernig við vinnum, bendum við á vefinn okkar **www.alta.is**

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní n.k.
Umsóknir berist til: starf@alta.is

alta

---

STÁL SUÐA

Óskum eftir vönum meiraprófsbílstjóra á vörubíl með krana

Uppl í síma 6935455 6935459

---

mast Matvælastofnun

## Lögfræðingur á stjórnsýslusviði

Matvælastofnun óskar eftir að ráða lögfræðing á stjórnsýslusvið stofnunarinnar. Um er að ræða fullt starf á aðalskrifstofu Matvælastofnunar sem staðsett er á Selfossi.

**Helstu verkefni:**
- Úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna stofnunarinnar, s.s. afgreiðsla stjórnsýsluerinda, umsagna og álitsgerða
- Ráðgjöf um lögfræðileg atriði á sviði stjórnsýsluréttar og annarra réttarsviða sem tengjast starfsemi stofnunarinnar
- Framkvæmd og innleiðing löggjafar vegna EES-samningsins
- Vinna við framkvæmd og innleiðingu löggjafar á sviði stofnunarinnar
- Þátttaka í nefndum og samskipti við innlendar og erlendar stofnanir
- Leyfisveitingar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking á EES-samningnum og framkvæmd hans æskileg
- Þekking og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg
- Frumkvæði, samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

**Nánari upplýsingar um starfið veita** Viktor S. Pálsson (viktor.palsson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "lögfræðingur" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2008. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Matvælastofnun tók til starfa 1. janúar 2008 og tók þá yfir verkefni Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Umhverfisstofnunar og matvælaeftirlitssviðs Fiskistofu. Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti og þjónustu við íslenskan landbúnað og sjávarútveg, fyrirtæki og neytendur. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að öryggi matvæla og neytendavernd, standa vörð um heilbrigði dýra og plantna, stuðla að aukinni velferð dýra, hafa eftirlit með áburði, fóðri, sáðvöru og veiði í ám og vötnum, sinna stjórnsýslu vegna kjötmats, almenns búfjáreftirlits og búvara. Starfsmenn eru um 75 talsins. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu stofnunarinnar, www.mast.is.

---



# Skólastjóri Naustaskóla

## Nýr skóli – nýir tímar - ögrandi og einstakt verkefni

***Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og hefur vilja til að leiða skólastarf, þar sem áhersla er lögð á vellíðan og árangur nemenda og teymisvinnu starfsmanna. Starfsemin einkennist af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.***

Naustaskóli er nýr grunnskóli í Naustahverfi á Akureyri. Skólinn verður byggður í tveimur áföngum og verður sá fyrri tilbúinn haustið 2009 þegar skólinn tekur til starfa. Gert er ráð fyrir því að í skólanum geti verið allt að 500 nemendur þegar hann er fullbyggður árið 2012. Að undirbúningsvinnu við hönnun Naustaskóla kom stór hópur fólks með mismunandi bakgrunn. Byggingin samanstendur af nokkrum sjálfstæðum einingum eða klösum með sveigjanlegu kennslurými þar sem gert er ráð fyrir að samkennsla árganga sé möguleg og æskileg. Skólinn á að vera miðstöð fyrir alla íbúa hverfisins og mikil áhersla lögð á samstarf við leikskóla og vinnu með umhverfið og náttúruna. Áhersla á samstarf við foreldra og þátttöku þeirra er mikil og er gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir þá í skólanum.
Nánari upplýsingar og teikningar af byggingunni má finna á vefslóðinni: http://skoladeild.akureyri.is/naustaskoli.htm

**Starfssvið:**
Skólastjóri ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu.

**Menntunarkröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun í stjórnun menntastofnana.
- Menntun á sviði reksturs er æskileg.

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Reynsla af kennslu í grunnskóla.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunar reynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemina í Naustaskóla þróast undir sinni stjórn.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gíslason, fræðslustjóri, í síma 460 1456 og 892 1453.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060.

**Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is**

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins.

**Umsóknarfrestur er framlengdur til 16. júní 2008**

*Skóladeild, Glerárgötu 26, Akureyri*
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



# KVARNIR

**Kvarnir ehf. óska eftir eftirfarandi starfsmönnum til framtíðarstarfa:**

## Vörubílstjóri

Fjölbreytt starf. Meirapróf ásamt prófi á bílkrana og leyfi til aksturs með vélavagn skilyrði.

## Aðstoðarmaður þjónustustjóra

Fjölbreytt starf, m.a. gerð leigusamninga, reikninga, tilboða, afhending vara og fleira. Tölvukunnátta nauðsynleg. Þarf að getað stjórnað fólki.

Í báðum tilvikum er óskað eftir að viðkomandi hafi lyftarapróf, sé stundvís, heiðarlegur og með hreint sakarvottorð og geti hafið störf sem fyrst. Mötuneyti á staðnum. Skriflegar umsóknir með upplýsingum um aldur og fyrri störf sendist á Kvarnir ehf, Lyngháls 10, 110 Reykjavík eða á kvarnir@kvarnir.is

# 5 sjálfboðaliðar óskast

**í þróunarvinnu á Indlandi og í Afríku.**

Hefst í ágúst / febrúar.
14 mánuðir - 6 mánaða undirbúningur í Noregi

Hægt er að vinna með HIV- og eyðnismituðum, við samfélagsvinnu , við menntun barna, með kennurum og við umhverfisvinnu.

Hringið núna; 0047 61264444
Sidsel@humana.org
www.drh-norway.org

# JB pípulagnir ehf.

## Óskum eftir vönum pípurum

**Hafið samband í s. 860 8089, Bergur.**

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Starfsmenn í tilsjón 50%-100%
- Aðstoð við heimilisstörf

**Roðasalir** – sambýli og dagþjálfun
*Sumarafleysingar:*
- Dagþjálfun
- Aðhlynning
- Sjúkraliði

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Afgreiðsla baðvarsla kvenna, sumarstarf
- Afgreiðsla baðvarsla karla, sumarstarf Laugarvarsla, sumarstarf
- Framtíðarstarf v/laugarvörslu/baðvörslu karla

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Danskennari 50% starf
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig
- Kennari í unglingad. í samfélagsfr. og ísl.
- Íþróttakennari v/sundkennslu 50%

**Hjallaskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Kennari í upplýsinga- og tæknimennt

**Hörðuvallaskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Skólaliði II – gangavörður/ræstir
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%-70%

**Kársnesskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Sérkennari
- Þroskaþjálfi
- Stærðfræðikennari á unglingastig
- Náttúrufræðikennari á unglingastig
- Umsjónarkennari á miðstig

**Kópavogsskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Sérkennari
- Danskennari 50%
- Umsjónarkennari í yngri bekkjum

**Lindaskóli:**
- Skólaliði II - gangavörður/ræstir

**Snælandsskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Umsjónarkennari á unglingastig
- Umsjónarkennari á miðstig

**Vatnsendaskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Þroskaþjálfi
- Kennari á miðstig
- Stuðningsfulltrúi
- Dönskukennari
- Heimilisfræðikennari

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***

# Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa



## Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

### Leitum að leiðtoga fyrir bókhaldsdeildina okkar

Um þessar mundir er bókhaldsdeildin að sameinast öðrum deildum fjármálaskrifstofu í nýju húsnæði við Höfðatorg í Reykjavík. Við ætlum okkur við þessi tímamót að endurskipuleggja alla starfsemi fjármálaskrifstofu með það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu við stjórnendur hjá Reykjavíkurborg.

Við leitum að starfsmanni með þekkingu á bókhaldi og reynslu af stjórnun til að leiða bókhaldsdeildina og taka þátt í uppbyggingu á starfsemi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Við metum mikils samskiptahæfni og færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og áhuga á þátttöku í öflugu stjórnendateymi. Þekking á bókhaldi er nauðsynleg og þekking á bókhaldskerfi Agresso æskileg. Menntun á háskólastigi á sviði viðskipta- eða rekstrarfræða áskilin.

Við bjóðum uppá fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar. Við viljum tryggja gæði þjónustunnar með áhættustýringu og skilvirkum verkferlum.

Helstu verkefni eru dagleg stjórnun og fyrirsvar fyrir bókhaldsdeild, faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf um bókhald, afstemmingar og mannaudsmál.

Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir**
Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri, (bbs@rvk.is) og Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri bókhalds (sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is)

Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 25. júní n.k. til Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Ráðhúsi Reykjavíkur, eða á ofangreind netfóng, merktar "Umsókn um starf deildarstjóra bókhalds"

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsemenn sem þú þarft að ná í.

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## ÍSTAK ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRTALIN STÖRF:



### TRÉSMIÐIR

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

### TÆKJASTJÓRNENDUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur til starfa við framkvæmdir á Kárahnjúkum. Um er að ræða stjórnun á jarðýtum, gröfum og fleira. Í boði er mikil vinna við fjölbreytt verkefni.

### MÖTUNEYTI

ÍSTAK óskar eftir að ráða einstakling til sumarafleysinga í mötuneyti fyrirtækisins á Engjateigi 7, Reykjavík, frá 10. júlí til 15. ágúst. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja reynslu af sambærilegum störfum.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar **www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 750 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**

**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

HRAFNAGILSSKÓLI

# Hrafnagilsskóli

**Óskum eftir að ráða grunnskólakennara að Hrafnagilsskóla skólaárið 2008-2009 í eftirfarandi stöður:**
- smíðakennsla, u.þ.b. hálf staða
- sérkennsla á yngsta stigi, heil staða

**Leitað er eftir kennurum sem:**
- laga kennsluhætti markvisst að þörfum nemenda
- sýna metnað fyrir hönd nemenda
- eiga virka samvinnu við aðra kennara
- hafa frumkvæði í samskiptum við foreldra
- viðhafa námsmat sem veitir nemendum skýra endurgjöf og jafnframt foreldrum upplýsingar um framfarir og stöðu nemenda.

Umsóknarfrestur er til 20. júní. Nánari upplýsingar veita skólastjórar í síma 464-8100 / 862-8754 eða netfang karl@krummi.is / annag@krummi.is.

**Heimasíða skólans er www.krummi.is.**

Barnaskólinn
á Eyrarbakka og Stokkseyri
Stofnaður 1852

# Barnaskólinn
## á Eyrarbakka og Stokkseyri
**auglýsir eftir sérkennara fyrir veturinn 2008-09**

Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri vantar sérkennara til starfa næsta vetur.

Óskað er eftir umsækjendum sem hafa góða skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Arndís Harpa Einarsdóttir, í síma 864 1538. Vefpóstur harpa@barnaskolinn.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, Barnaskólanum Eyrarbakka og Stokkseyri 825 Stokkseyri fyrir 26. júní n.k.

VOPNAFJARÐAR HREPPUR

## Hótelrekstur á landsbyggðinni

Vopnafjarðarhreppur auglýsir rekstur Hótels Tanga á Vopnafirði til leigu. Hótelið getur einnig verið til sölu í heild hafi viðkomandi aðilar slíkann áhuga. Nýlokið er gagngerum breytingum á hótelinu. Leitað er eftir aðila, sem er tilbúinn að taka að sér spennandi en jafnframt krefjandi rekstur, hótels á Vopnafirði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi rekstrarmenntun eða reynslu á sviði hótel og veitingareksturs.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps í síma 473-1300 eða á netfangi steini@vopnafjardarhreppur.is

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, fyrir mánudaginn 16. júní n. k.

**Vopnafjarðarhreppur**

HÉRAÐSDÓMUR
NORÐURLANDS EYSTRA

# Lögfræðingur

Við Héraðsdóm Norðurlands eystra er laust til umsóknar starf lögfræðings.

Leitað er að einstaklingi með embættis- eða meistarapróf í lögfræði og skulu umsækjendur fullnægja skilyrðum 2.-6. töluliðar 2. mgr. 12. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 15, 1998.

Um er að ræða krefjandi starf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á að umsækjendur geti unnið sjálfstætt að úrlausn lögfræðilegra álitaefna og hafi gott vald á íslensku máli.

Umsóknir sendist til Héraðsdóms Norðurlands eystra, Hafnarstræti 107, 600 Akureyri. Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2008, en upphafsdagur ráðningar er 1. september 2008.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga.

Upplýsingar um starfið veitir undirritaður, sími: 461-1007.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Akureyri, 6. júní 2008
Ólafur Ólafsson dómstjóri.

STÁL & SUÐA

Vegna góðrar verkstöðu óskum við eftir vönum suðumönnum og járnsmiðum

Til vinnu strax uppl í síma 693-5455 693-5459

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Þroskaþjálfi

**Öskjuhlíðarskóli óskar eftir þroskaþjálfa í 100% starf**

mikilvægt að viðkomandi hafi reynslu

**Upplýsingar gefur**
Dagný Annasdóttir skólastjóri
sími 4117950dagnyannas@oskjuhlidarskoli.is

og

Jóhann A Kristjánsson aðstoðarskólastjóri,
netfang: jak@oskjuhlidarskol

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

# Yfirmaður í eldhúsi

**Leikskólinn Klambrar við Háteigsveg óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús.**

Um er að ræða 100% stöðu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- nám og reynsla á sviði matreiðslu
- reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- góð íslenskukunnátta
- skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólastjóri í síma 511 1125 eða 693 9881. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á www.reykjavik.is/storf.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# ERTU RÉTTUR MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Viska Iðsýni Irðing Andvirkni

## FRÁ GRUNNSKÓLANUM Í HVERAGERÐI

Við Grunnskólann í Hveragerði eru lausar tvær stöður umsjónarkennara á yngsta stigi. Upplýsingar um störfin veitir Guðjón Sigurðsson skólastjóri í síma 483-4350 eða í heimasíma 483-4950.

**Skólastjóri**

Háskólasetur Vestfjarða University Centre of the Westfjords www.hsvest.is



## Tækifæri á Ísafirði

**Háskólasetur Vestfjarða óskar eftir stundakennurum í frumgreinanám skólaárið 2008-2009**

**Um er að ræða kennslu í eftirfarandi greinum:**

- Stærðfræði
- Efnafræði
- Eðlisfræði

**Gerð er krafa um háskólamenntun**

**Nánari upplýsingar veitir Martha Lilja M. Olsen, kennslustjóri í síma 450 30 41 eða í netpósti á netfangið marthalilja@hsvest.is**



## FLUGSTOÐIR ÓSKA EFTIR RÁÐA RITARA FORSTJÓRA

**Starfssvið**
